

Rauðsokkatextar

Í aldaradur hafa konur lotið lágt
ýmsum kreddum og öðrum fátánleik.
Í kvenleikahjali sumar hafa hátt,
aðrar fjötraðar við Adams syndaleik.

Viðlag: Rauðsokkar, hefjum stríð,
sigrum kreddur og eldgamla hefð.

Nú sjá konur hilla undir frelsissól,
því með þekkingunni kemur betri tíð.
Og sú von sem í brauðstritinu kól
lifnar á ný og rætist um síð.

Með samheldni við munum sigra brátt,
þó að endalaust verði baráttan ströng.
Rauðsokkar við skulum sanna okkar mátt
bæði í verki og í orði og í söng. p.m.

-- 0 --

Nú vil ég greina í litlu ljóði
um konu, sem að við öll þekkjum.
Hún er móðir og ektakvinna
og vinnur auk þess í fiskinum.

Hún hefur í ansi mörgu að snúast
börnin kalla á þetta og hitt.
Í kringum hana verkefni hrúgast
og eiginmaðurinn heimtar sitt.

Viðlag: Já það er erfitt að vera kona
og vinna tvöfaldan vinnudag.
Er ekki kominn tími til þess
að konur gæti að eigin hag.

Þegar fiskvinnunni er lokið
eftir tólfstunda vinnudag,
hún kemur þreytt heim með bakið hokið
En margt þarf heima að fara í lag.

Meðan bóndinn situr með bækur
og börnin hlusta á grammófón,
þrjónar konan á börnin þrækur
nú eða skúrar og ber á bón.

Viðlag.

Og um nætur er fólkið sefur,
kallar smábarn á móðurást,
Og margar nætur hún vakað hefur,
því skyldum sínum hún aldrei brást.

Svo þegar dagar, hún aftur á ný
hefur störfín eins og í gær.
Hún spyr ei um hvíldir eða smá frí
hún bara vinnur sem endranær.

Viðlag. p.m.

Þessa dags munu konur löngum minnast
Meðan en roðar sólin Rauðubjörg
Stríði ströngu þær fengið hafa að kynnast
Þótt staðan batni eru dæmin mörg
um misréttið á milli kynjana
en markmiðið er að yfirstíga það.
Já sérhver búkona í sveit
er í kvennafrí
Konur í hverjum byggðum reit
í kvennafrí.
Samstaðan er mikilsverð
í kvennafrí.
Ef sigurvissa ræður ferð
mun jafnréttið nást senn. *fm*

Hversvegna kvennafrí?

Lag Sjálfstjórnarinnar.

Hvers vegna kvennafrí?
Konurnar fagna því,
takast mun allsherjar eining.
Vanmetin voru störf,
vinnan þó reyndist þörf.
Aðeins í kaupum kyngreining.

Nú á að brjóta í blað
bráðlega sannast það,
við sigrum, ef saman við stöndum.
Konan á vilja og vit,
vilji hún sýna lit.
Tengjumst því baráttuböndum.

Metin skal maðurinn,
manngildi er hugsjónin.
Engin um ölmusu biður.
Hljómar um fjöll og fjörð:
Frelsi skal ríkja á jörð,
jafnrétti, framþróun, friður. *fm*

SAGAN AF GUNNU OG SIGGA

Þau gengu saman í Gaggó
Gunnna og hann.

Seinna sömu vinnu
og Siggi Gunnna vann.

Hann vildi kalla sig karlmann
og kvæntist Gunnna pent.

Í heilögu hjónabandi
hún Gunnna var lent.

Þeim fæddist fyrst ein stelpa,
svo Fúsi og Lilla syss

og Gunnna bar sig að bjástra
við barnaskít og piss.

En Siggi vildi verða
verkfræðingur

svo Gunnna hlaut að húka
á heimilinu kjur.

Loks er sú elsta átján,
orðin frú í Kjós

og strákurinn af er stunginn
með Stjána til sjós

og leikvangur Lillu
er löngum Tónabær.

Í gamla rúminu gráta
hún Gunnna alein fær.

Því Siggi náði í nýja,

sem nett er og kát,

bæði upplýst og andrík

og aldrei brestur í grát.

En hver vill gömlu Gunnna?

Greyið er fimmtug að sjá.

Kannski hún fái kvendjobb,

sem karlmenn líta ekki á?

Siggi hann situr í djobbi
sem er við hans geð.

En hvað hún Gunnna gerði
getur enginn séð.

Hún fær enga umbun

uppbvott fyrir og strit

Gæti hún byrjað frá grunni,

gengið lífs á vit?

Athugum það aftur:

slíkt ekki mun til neins.

Því enginn vill útslitna konu

orðna fjörutíu og eins.

SVONA MARGAR

Svona margar, nær meirihlutinn
af mannfólki þessa lands.

Það skýrslur segja til sanns.

Svona margar, meirihlutinn,

já meirihluti mannkynsins er við,
kvenfólkið.

Ef kúrum við hér ein og ein
á okkar básum heima.

Það verður okkar versta mein

því víst ei skulum gleyma:

Að meirihlutans sterka stoð

þá styður okkur ekki.

Þá setjum við hvorki bönn né boð

Við bundnar erum í hlekki.

Svona mergar.....

Því skulum við reyna að skrifa út
úr skelinni þarna heima
og rétta úr okkar kvennakút
ei krafti okkar gleyma.
Því ef við stöndum hlið við hlið
við hljótum að vera margar.
Ef stelpa konu leggur lið
það leiðin er til bjargar.
Svona margar

SÖNGUR SIGNÝJAR

Ég lauk stúdentsprófi létt,
lét mig varða jafnan rétt,
Í Háskólanum las ég lög
við lógikina hvergi rög.
En svo giftist ég Gumma
þá gall við þessi lumma:
Í eðli þínu ertu bara reglulega
kvenleg Signý.

Ég fór að vinna við mitt fag,
virtist allt mér ganga í hag,
Við lífið á mínum launum.
Um lambasteik með baunum
var Gummi sífellt að suða
og svona varð ég að puða.
Því í eðli þínu

Ég hlaut mannaforráð fljótt,
varð á fundum eftirsótt
og lífið við mig lék,
lánið aldrei frá mér vék.
En þá um bæinn flaug sú frétt
að frúin væri kasólétt.
Því að í eðli þínu

LOKASÖNGUR

Hvers vegna þegjum við þunnu hljóði
og þótt við tölum, er sem það heyrast vart?
Hvað gera stelpur, sem langa í ljóði
að leggja til svo fjarskalega margt?
Og allir garga:
Hvað er hún að þvarga?
Það heyrast ekkert í henni.
Hvað ætli sé að röddinni?

Eiga þá stelpur alltaf að þegja
og aðeins vona að strákar túlki þeirra mál.
Eða upp að rísa og rétta úr kútnum
og reka upp öskur: Ef þið bara hélduð kjafti,
þá munduð þið heyra í okkar
hljóðu sál.

Ó, ó, ó, stelpur.....
Við brýnum okkar raust svo berist hún um heiminn.

Þá upphófst stöðugt strit,
stökk og hlaup á allra vit,
þrefalt verk ég þurfti að rækja,
þjóna manni, börnum, vinnu sækja.
En þegar ég er að þvo og skeina
þá heyrast allir veina:
Í eðli þínu

Í huga mínum hljómar æskulag
um hugsjónir, frelsi, jafnrétti og
bræðralag.

Við vondan draum ég vakna á ný,
ég veruleikann aldrei flý.
Og þegar ég keppist við kvöldin löng
þá kannast ég við þennan söng:
Í eðli þínu varstu bara virkilega
kvenleg, Signý.

Þann morgun er ég vakna við mitt óp
í vonleysi ég geng í þeirra hóp,
er feta verða fornar slóðir
sem frilla, vinnukona, móðir.
Þann dag, sem ég kæfi metnað minn,
ég mjálma sjálf undir talkórinn:
Í eðli þínu varstu